

**2006 nr. 34 15. maí****Lög um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> Falla úr gildi 1. jan. 2009 skv. l. 76/2008, 12. gr.

Tóku gildi 1. júní 2006 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 19. maí 2006. Breytt með l. 176/2006 (tóku gildi 30. des. 2006).

■ **1. gr.** Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er sérstök stofnun sem annast stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samræmi við ákvæði loftferðalaga og annarra laga eftir því sem við á. Aðsetur stofnunarinnar er þar sem [ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður.

□ Flugmálastjórn Íslands annast eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli.

□ Sérstakur flugvallarstjóri stjórnar starfsemi og rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og ræður starfsmenn til stofnunarinnar.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð þar sem kveðið er nánar á um skipulag og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

<sup>1)</sup> L. 176/2006, 7. gr.

■ **2. gr.** Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar ber ábyrgð á að starfrækt sé slökkvilið á Keflavíkurflugvelli og annast framkvæmd eldvarnaeftirlits. Um starfsemi slökkviliðsins á

Keflavíkurflugvelli gilda ákvæði laga nr. 75/2000, um bruna-  
varnir, eftir því sem við getur átt.

□ Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er heimilt að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Bruna-  
málastofnunar.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um starfsemi slökkviliðs Keflavíkurflugvallar.

<sup>1)</sup> L. 176/2006, 7. gr.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006 fyrir utan ákvæði til bráðabirgða sem öðlast þegar gildi.

□ ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þjóða skal því starfsfólki störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem unnið hefur á árinu 2006 hjá eftirtöldum deildum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli: Slökkviliði, snjóruðnings- og brautadeild, rafeinda-  
deild, voltadeild og verkfræðideild.

□ Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli undirbýr og annast ráðningar í framangreind störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

□ Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.